

Nd.

232. Nefndarálit

[143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 38 28. maí 1981.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Að mati minni hl. er augljóst að núverandi stefnu í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar hefur rekið upp á sker. Af viðtölum, sem nefndin hefur átt við ýmsa aðila í greininni, má glögglega ráða að erfiðleikarnir eru af ýmsum orsökum, þ. á m. vegna skorts á skipulagningu veiða og vinnslu vegna aflagrests.

Það er mat allrar nefndarinnar, einnig minni hl. að nauðsynlegt sé að grípa til stórum róttækari aðgerða við stjórn veiðanna heldur en gert hefur verið hingað til. Minni hl. álítur hins vegar að Alþingi beri að hlutast til á beinan hátt um aðalatriðin í mörkun fiskveiðistefnunnar, s. s. höfuðforsendur við skiptingu afla á skip, reglur um framsal kvóta o. þ. h. Á þann hátt telur minni hl. að Alþingi gegni þeirri skyldu sinni að setja almennar reglur um nýtingu þeirrar sameiginlegu auðlindar þjóðarinnar sem sjávarfangið er. Það sé hins vegar í verkahring ráðuneytis að útfæra þá stefnu.

Á breytingartillögu, sem undirritaður stendur að ásamt öðrum, er gerð nánari grein fyrir þeirri tilhögun sem lagt er til að höfð verði.

Alþingi, 16. desember 1983.

Guðmundur Einarsson.